

sá, er matsmenn hafa reiknað sér, sé í alla staði eðlilegur til framkvæmdar því verki, sem þeir hafa innt af hendi. Og þar sem ekki verður talið, að matsmennirnir, sem eru sérfræðingar, áskilji sér bersýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir hverja vinnustund, þykir ekki rétt að lækka reikning þeirra.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómendunum Gunnari Bjarnasyni verkfræðingi og Þórði Gröndal verkfræðingi.

Úrskurðarorð:

Framangreindur reikningur matsmannanna, þeirra Einars Guðmundssonar og Eysteins Leifssonar, að fjárhæð kr. 14.000.00, skal standa óbreyttur.

Miðvikudaginn 24. janúar 1968.

Nr. 9/1968.

Helgi Hóseasson

gegn

Fjármálaráðherra f. h. Hagstofu Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun. Dómhæfi kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. janúar 1968, sem hingað barst 17. s. m. Kveðst sóknaraðili kæra dóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 4. janúar 1968, „og vísa málinu til Hæstaréttar“.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt dómkröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann, enda hefur hann eigi verið gagnkærður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. janúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. desember s.l., hefur Helgi Hóseasson, Skipasundi 48, Reykjavík, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu gegn Magnúsi Jónssyni ráðherra, Einimel 9, Reykjavík, f. h. ríkisvaldsins vegna Hagstofu Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að Magnúsi vegna Hagstofunnar sé gert að viðurkenna á formlegan hátt fyrir hönd ríkisvaldsins ónýtingu stefnanda á skírnarsáttmála með því að láta skrá hana í þjóðskrána. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs, hvernig sem málið fer, samkvæmt 12. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Kröfur sínar rökstyður stefnandi m. a. með því, að í fæðingar-skýrslum Hagstofu Íslands sé m. a. bókað nafn stefnanda og skírnardagur. Sé nú ekki einnig ritað í þessa persónuheimild stefnanda, að skírnin sé ónýtt, sé í fyrsta lagi um fölsun að ræða, í öðru lagi séu þá brotin á stefnanda ákvæði í stjórnarskrá og í þriðja lagi sé stefnandi settur skör lægra en aðrir, sem þar séu skráðir skírðir og óskírðir.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing í máli þessu, og er honum þó löglega stefnt.

Sakarefni þetta er þess eðlis, að það heyrir ekki undir lögsögu dómstóla. Ber því að vísa máli þessu frá dómi ex officio samkvæmt 66. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefndi hvorki sótti né lét sækja sáttafund, og ber því eftir kröfu stefnanda að dæma hann til greiðslu málskostnaðar samkvæmt 12. gr. laga nr. 85/1936. Með tilliti til þess, að stefnandi er ekki málflutningsmaður að atvinnu, þykja ómakslaun honum til handa hæfilega ákveðin kr. 1.200.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsuppkvaðning hefur dregizt nokkuð vegna mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi, Magnús Jónsson ráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 1.200.00 í málskostnað.